

Siglingaráð

39. fundur

Dags.: 2. mars 2023, kl. 11:00 til 13:15 í innviðaráðuneytinu og Teams.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (irn), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Stefán Guðmundsson (SAF), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Ásgrímur L. Ásgrímsson (LHG), Auðunn Kristinsson (LHG), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Eyþór H. Ólafsson (SVF), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Eggert Ólafsson (irn), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Örn Pálsson (Landssamband smábátaeigenda), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 38. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Kynning á Sjólag-kortasjá Vegagerðin, Hafnadeild (send í tölvupósti)
4. Öryggisáætlun sjófarenda drög (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og fór yfir dagskrána. Nýr fulltrúi LHG Auðunn Kristinsson var kynntur en ÁLÁ fer tímabundið til starfa erlendis.

- 1) **Fundargerð 38. fundar samþykkt.**
- 2) **Sjólag-kortasjá.** FG kynnti endurbætur á vefnum sjólag.is (sjá gagn nr. 3) og fór yfir kerfið. Óskað er eftir athugasemdum og tillögum frá útgerðum og öðrum notendum kerfisins. Kerfið verður tekið formlega í notkun í vorið 2023. Eldra kerfi og göng þess verða aðgengileg um einhvern tíma. Í nýja kerfinu hefur Norðurheimskautasvæðinu verið bætt við.

Lagt var til að kerfið yrði einnig aðgengilegt á ensku fyrir erlenda sjófarendur.

ÁLÁ benti á að hentugt væri að hafa krækju yfir á upplýsingasíðu LHG varðandi tilkynningar til sjófarenda og útgefin sjókort. Fram kom að rannsóknir hafi ekki verið gerðar á sjávarfallastraumum við landið. Um 20 sjávarhæðarmælar eru nú virkir í höfnum en verið er að fjölga þeim vegna vaxandi áherslu á því að fylgjast með hækkun sjávaryfirborðs.

- 3) **Siglingaöryggisáætlun-stefna í öryggismálum sjófarenda.** Farið var yfir drögin og kynnti ÁP framkomnar athugasemdir. Nokkrar breytingar voru gerðar í yfirferðinni á fundinum og laga þarf nokkur atriði. Ekki hafa borist ný gögn frá RNSA um slys og atvik. Umræða var um arðsemi aðgerða þ.e. metinn kostnað vegna slysa á sjó sem að byggja eingöngu á upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands því stór hluti kostnaðar liggur í bótagreiðslum tryggingafélaga, gögnin eru hins vegar góð vísbending um jákvæða þróun. Ekki eru til upplýsingar um slys sem verða um borð í skipum undir erlendum þjóðfána sem eru í eigu íslenskra útgerða.

GHB upplýsti að Brim væri byrjað að nota ATVIK en mikill ókostur er að enn ekki sé hægt að senda tilkynningu á önnur tryggingafélög en VÍS. ÞP upplýsti að unnið sé að lagfæringu á þessu atriði hjá umsjónaraðila kerfisins.

HS lagði áherslu á mikilvægi þess að lögleiða öryggisstjórnunarkerfi í öllum skipum og sagði frá fundi HTW nefndar IMO þar sem áhersla er lögð á að taka fyrir í STCW samþykktinni áhrif eineltis og kynferðilegsáreitiss (EKKO) á heilsu.

Umræða var um skoðanir skipa og eigin skoðun. Samgöngustofa leiðbeinir og hefur eftirlit með skoðunaraðilum. Mikilvægt er að útgerðir og áhafnir séu með virkt eigi eftirlit með öryggisþáttum í þeirra skipum.

ÁLÁ sagði að það vantaði skilvirkari stjórnýslu og eftirfylgni með því að útgerð og skipstjóri geri þær úrbætur sem LHG setur út á í skyndiskoðunum. Kærur LHG til lögreglu fara sjaldan lengra í

kerfinu og eru dæmi um að skip sem send voru í land fari strax aftur á sjó án þess að bæta úr því sem sett var út á. Fram kom að LHG hefur ekki heimild til að kyrrsetja skip en það hafa SGS og RNSA.

Umhverfisverndarmál eru mikilvægur þáttur í siglingum. MARPOL er 50 ára á þessu ári og verður ráðstefna í haust til að halda upp á það. Gagnrýnt var að heimilt sé að losa úr vothreinsibúnaði í sjó, sérstaklega á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. EHÓ ítrekaði sérstöðu siglinga til og frá Íslandi vegna fjarlægðar og mikilvægi þess að stjórnvöld hlutist til um undanþágu vegna losunarheimilda skipa, líkt og fyrir flug.

HS benti á að það sé þjóðaröryggismál að flutningaskip séu undir íslenskum fána því annars hafa stjórnvöld ekkert um það að segja hvort þau sigli með vörur til og frá landinu á stríðstímum. VV sagði að Sjómannasambandið væri á móti því að skip séu á hentifánum því tryggja þurfi viðunandi kjör og aðbúnað áhafna skipanna. GHB sagði að auðveldara væri að fylgjast með stöðu mála í skipum hér séu þau undir íslenskum fána.

ÁP sagði að í tengslum við gerð þjóðaröryggisstefnu óski ráðuneytið eftir mati SFS, LS, LHG og SVP á því hversu miklar birgðir (eldsneyti, íhlutir o.þ.h.) þurfi til halda starfseminni í gangi í 90 daga.

4) Önnur mál.

- a) **Upplýsingar til ráðsmanna.** SG gerði athugasemd við það að fá ekki send fundarboð, fundargerðir eða aðrar upplýsingar eins og aðrir fulltrúar í Siglingaráði. Almennt fá varamenn ekki fundarboð nema aðalmenn tilkynni forföll. Fundargerðir eru hins vegar opinber gögn. Fram kom að fulltrúi VM hafi ekki fengið fundarboð og verður það leiðrétt. Há bað um að farið verði yfir listann með þeim sem skipuð eru í ráðið og netföngin.
- b) **Lyfjakistureglugerð.** SG sagði að SAF hafi sent inn athugasemdir. Bætt var við skipaflokki C fyrir skip yfir 15 m í ferðapjónustu þar sem kröfur eru mun minni en til skipa í B flokk. AB spurði hverju sætti að leiðrétting á reglugerðinni hafi ekki verið birt í stjórnartíðindum. Ganga þarf á eftir málinu hjá EÓ lögfræðingi ráðuneytisins. HS upplýsti að vegna breytingar í reglugerðinni um að lyfjakista björgunarfara eigi að vera samkvæmt LSA kóða hafi komið í ljós annmarkar. Hafa söluaðilar björgunarbúnaðar bent á að hægt sé að fá ódýra LSA pakka erlendis frá en vegna ákvæða lyfjalaga hafi þeir ekki heimild til þess að selja sjúkragögnin með bátunum. Einnig kom fram að tíðar breytingar á Sérlyfjaskrá hafi haft breytingar hafi haft í för með sér tafir en nú eru 4 ár frá því endurskoðunin hófst.
- c) **Eftirfylgni með tillögum og ráðgjöf Siglingaráðs.** HS sagði að það gangi ekki að tillögur fulltrúa í Siglingaráði um bætt öryggi séu ekki framkvæmdar en sömu atriði hafa verið tekin upp aftur og aftur en ekkert gerist í stjórnkerfinu. Vísaði hann í fundargerðir síðustu funda tam um að fara þurfi í endurskoðun á breytingum á Ákveðið var að útbúið verði „framvinduskjal“ um útistandandi verkefni, hvar þau eru í vinnslu og hver er staða málsins. Framvindamála verður tekin fyrir á fundum ráðsins.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 30. mars/ til vara 13. apríl og boðaður í tölvupósti. **(ath 6. apríl er skírdagur)**

Framvindutafla

Mál	Dags	Staða
Reglugerðir 122/2004 með 562/2021		
Langbylgjusendingar, Ályktun til ráðherra		Lok: Matrið fellt
Reglugerð 1300/2022 Lyfjakista		Í vinnslu
Lóðsskylda skemmtiferðaskipa		Málið aftur í skoðun
Öryggisáætlun		Í vinnslu – send mán. 6

IV og ÁP rituðu fundargerð.